

Nd. **58. Frumvarp til laga** [58. mál]

um breyting á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Aftan við lögin bætist svo hljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árunum 1962—1965, að báðum meðtöldum, skal greiða $\frac{1}{2}\%$ viðbótargjald af söluvörum landbúnaðarins, sem um ræðir í 2. gr., og rennur það til Búnaðarfélags

Íslands og Stéttarsambands bænda til að reisa hús félaganna við Hagatorg í Reykjavík yfir starfsemi þeirra. Skal fénu skipt milli þeirra eftir hlutfallinu tveir á móti einum. Um álagningu og innheimtu gjaldsins gilda sömu reglur og um búnaðarmálasjóðsgjald.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að ósk Búnaðarfélags Íslands og byggingarnefndar Búnaðarbyggingarinnar. Einstakir nefndarmenn áskilja sér allan rétt í afstöðu sinni til málsins og hafa um það óbundnar hendur.

Þau bréf, er nefndinni hafa borizt varðandi málið, eru birt hér á eftir sem fylgiskjöl og til skýringar.

Fylgiskjal I.

STÉTTARSAMBAND BÆNDA

Reykjavík, 16. október 1962.

Á síðasta aðalfundi Stéttarsambands bænda var samþykkt eftirfarandi tillaga frá byggingarnefnd Búnaðarbyggingarinnar:

„Aðalfundur Stéttarsambands bænda, haldinn að Bifröst 4. og 5. september 1962, felur stjórn Stéttarsambandsins að vinna að því, að Alþingi framlengi um 4 ár, frá 1962 til 1965 að báðum árum meðtöldum, bráðabirgðaákvæði laga nr. 10 17. marz 1959, um breytingu á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.“

Greinargerð:

„Í ákvæði þessu frá 1959 felst það að innheimta $\frac{1}{2}\%$ af söluvörum bænda til Búnaðarbyggingarinnar í 4 ár. Í árslok 1961 féll það úr gildi. Með tillögu þessari, sem hér er flutt, er þess farið á leit, að bráðabirgðaákvæði þetta verði framlengt til 4 ára í viðbót, þ. e. til ársloka 1965.

Ástæðan er sú, að líkur eru til þess, að lánsfé til byggingarinnar verði um 70% af öllum kostnaði, húsi, innanstokksmunum, vélum og áhöldum, og að lánin verði ekki svo hagstæð, að reksturinn geti staðið undir afborgunum auk vaxta fyrstu árin. Til þess þyrfti að vera um stórgróða að ræða.

Er því ýtrasta nauðsyn að halda búnaðarmálasjóðsgjaldinu um nokkur ár til að mæta afborgunum fyrstu árin, eftir að allt búsið verður tekið í notkun. Tillaga þessi var lögð fyrir síðasta búnaðarþing og samþykkt þar með atkvæðum flestra fulltrúa. Þess er vænzt, að aðalfundur Stéttarsambandsins líti eins á þetta mál.“

Tillagan var samþykkt með 37 atkvæðum gegn 1.

Virðingarfyllst,

Sæm. Friðriksson. Kristján Karlsson.

Landbúnaðarnefnd neðri deildar Alþingis,
Reykjavík.

Fylgiskjal II.

BÚNAÐARBYGGINGIN

Reykjavík, 18. október 1962.

Með tilvísun til bréfs, dags. 16. þ. m., frá Stéttarsambandi bænda til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis um framlengingu á búnaðarmálasjóðsgjaldi til Búnaðarbyggingarinnar, óskum við undirritaðir eindregið eftir því, að háttvirt nefnd flytji mál þetta á Alþingi og vinni að framgangi þess.

Virðingarfyllst,

F. h. byggingarnefndar Búnaðarbyggingarinnar,
Þorsteinn Sigurðsson, Sæmundur Friðriksson,
formaður framkvæmdastj.

Til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis,
Reykjavík.

Fylgiskjal III.

BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 19. október 1962.

Landbúnaðarnefnd neðri deildar Alþingis,
Reykjavík.

Búnaðarþing 1962 samþykkti ályktun um framlengingu á bráðabirgðaákvæði laga um breytingu á lögum um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Ályktun þessi var svo hljóðandi:

„Búnaðarþing ályktar að skora á Alþingi að framlengja um 4 ár, 1962—1965 að báðum árum meðtöldum, bráðabirgðaákvæði laga nr. 10 17. marz 1959, um breytingu á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs, og felur stjórn Búnaðarfélags Íslands og byggingarnefnd að flytja málið við Alþingi, er nú situr.“

Ályktun þessi var send síðasta Alþingi og stíluð til landbúnaðarnefndar neðri deildar með bréfi, dags. 24. marz s. l., með ósk um, að lögin yrðu framlengd. Eigi varð úr framkvæmd í því efni á því þingi, enda nægur tími til stefnu um framlengingu á lögunum á þingi því, er nú er hafið, þar sem lögin eru í gildi til næstu áramóta.

Með bréfi þessu leyfir stjórn Búnaðarfélags Íslands sér að endurnýja fyrri beiðni sína til landbúnaðarnefndar um, að hún beiti sér fyrir framlengingu á lögum, um leið og stjórnin skírskotar til þeirra raka, sem fram eru færð fyrir beiðni þessari í fyrrnefndu bréfi frá 24. marz s. l.

Þá hefur byggingarnefnd Bændahallarinnar sent sams konar beiðni til landbúnaðarnefndar neðri deildar ásamt samþykkt síðasta aðalfundar Stéttarsambands bænda, sem mælti eindregið með því, að lögin yrðu framlengd.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands treystir því, að landbúnaðarnefnd verði við þeim tilmælum að flytja málið á Alþingi og stuðla að framgangi þess þar. Til þess ber nú brýna þörf, að byggingunni falli í skaut sá stuðningur, sem í framlagi þessu felst.

Virðingarfyllst,

Þorsteinn Sigurðsson. Pétur Ottesen. Gunnar Þórðarson.